



Bæjarskrifstofur Garðabæjar

b/t Bæjarráðs Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ 27/3 2015

Varðar: Ósk um tilnefningu áheyrnarfulltrúa

Í 50. grein sveitarstjórnarlaga segir að hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar. Hið sama eigi við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir.

Undirrituð óska eftir að fá að tilnefnda áheyrnarfulltrúa í skólanefnd grunnskóla, leikskólanefnd, skipulagsnefnd, fjölskylduráð og íþrótt- og tómstundaráð.

Óskað er eftir að tilnefningin taki tafarlaust gildi þar sem um óverulegan kostnað er að ræða fyrir bæjarsjóð eða innan við 2 milljónir á ársgrundvelli.

f.h. Samfylkingar

Steinþór Einarsson

f.h. FÓLKSINS- í bænum

María Grétarsdóttir